

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar
Haraldur L. Haraldsson, bæjarstjóri.
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

GHE/ghe 00.01 14. október 2016

Á fundi heilbrigðisnefndar þann 26. september 2016 var fjallað um breytingar á gjaldskrá. Um er að ræða gjaldskrár fyrir:

- Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis vegna leyfisveitinga, eftirlits og annarra gjaldskyldrar starfsemi.
- Eftirlit með hundahaldi.

Heilbrigðisnefnd vísar til meðferðar hjá aðildarsveitarfélögunum tillögum að ofangreindum gjaldskrá. Heilbrigðisnefnd óskar þess sérstaklega að gjaldskrárnar verði teknar til meðferðar sem fyrst.

Skýringar:

1. Gjaldskrá fyrir matvæla-, heilbrigðis- og mengunareftirlits.
 - Í meðfylgjandi tillögu er lagt til að tímagjald verði kr. 13.200. Útreikningur tímagjalds fer samkvæmt leiðbeinandi reglum umhverfisráðherra um uppbyggingu gjaldskráa fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit sbr. 3. mgr. 12. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.
 - Lagt er til að jafnaðar sýnatökugjald samkvæmt eftirlitsáætlun verði kr. 14.000 fyrir eftirlitsmælingar vegna örvera og einfaldra eðlisfræðilegra mælinga. Jafnframt verði heimilt að innheimta raunkostnað samkvæmt reikningi frá rannsóknarstofu vegna sértækra rannsókna s.s. varnarefna mælinga, innihaldsefna o.þ.h.

Gjaldskrá fyrir matvæla-, heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit var síðast breytt með auglýsingu nr. 1050/2015 og er tímagjald nú samkvæmt þeirri auglýsingu kr. 11.000 og sýnatökugjald kr. 13.000.

Breyting er lögð til á fyrirkomulagi innheimtu vegna matvælaeftirlits. Lagt er til að innheimta eftirlitsgjalda í beinu framhaldi af eftirliti hverju sinni. Verið er að aðlaga vinnubrögð í ljósi breytingar á matvælalögum. Breytingu nr. 143/2009 og í framhaldi af upptöku áhættu- og frammistöðuflokkunarkerfis sem Matvælastofnun hefur verið að þróa. Matvælastofnun hefur verið einnig verið að þróa gagnagrunnskerfið „Ísleyf“ til að styrkja matvælaeftirlitið í landinu og samræma vinnulag. Unnið er að innleiðingu á gagnagrunninum til að halda utan um upplýsingar um fyrirtæki og niðurstöður. Breyting á fyrirkomulagi innheimtu er tímabær í framhaldi þessarar þróunarvinnu og breyttra áherslna í eftirlit.

2. Gjaldskrá fyrir eftirlit vegna hundahalds.

- Í meðfylgjandi tillögu er lagt til að árlegt eftirlitsgjald verði kr. 12.800. Með afslætti fyrir þá eigendur sem sótt hafa viðurkennt námskeið í hundauppeldi er eftirlitsgjaldið kr. 6.400.



- Lagt er til að skráningargjald verði kr. 14.500 og 18.000 eftir útrunninn frest. Fyrir bráðabirgðaskráningu er greitt hálf skráningargjald.

Gjaldskrá fyrir hundahald var síðast breytt með auglýsingu nr. 1051/2015. Árlegt eftirlitsgjald er nú samkvæmt þeirri auglýsingu kr. 12.600 (kr. 6.300 með afslætti). Skráningargjald er kr. 14.000. Tekjur vegna skráninga og eftirlits er ætlað að mæta öllum kostnaði vegna eftirlits með hundahaldi. Kostnaði við hundageymslu verður ekki lengur mætt af handsömunargjöldum. Sveitarfélögin verða að hafa til staðar dýrageymslur samkvæmt ákvæðum laga um dýravelferð. Handsömunarkostnaður tekur því fyrst og fremst mið að aksturskostnaði sem fylgir því að sækja dýr sem er á flækingi og koma því til umráðamanns.

Meðfylgjandi eru upplýsingar vegna:

- greiningar ársverka.
- Greiningar kostnaðarliða fyrir starfsemi heilbrigðiseftirlitsins.
- greining á kostnaði við eftirlit með hundahaldi.
- Eldri gjaldskrár og auglýsingar.
- Leiðbeinandi reglur um útreikning gjaldskráa frá nr. 254/1999.

Virðingarfyllst,
f. h. heilbrigðisnefndar.


Guðmundur H. Einarsson,
framkvæmdastjóri.